

**REGLUGERÐ****um afnám banns við veiðum í Eyrarbyggð.**

1. gr.

Frá og með 13. apríl 1991 er felld úr gildi reglugerð nr. 83, 19. febrúar 1990, um bann við veiðum í Eyrarbyggð.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 12. apríl 1991.*

F. h. r.

**Jón B. Jónasson.***Þórður Eyþórsson.*

8. apríl 1991

Nr. 165

**SKIPULAGSSKRÁ****fyrir Starfssjóð Verkfræðistofnunar Háskóla Íslands.**

1. gr.

Sjóðurinn heitir Starfssjóður Verkfræðistofnunar Háskóla Íslands. Hann er stofnaður af Elli-og hjúkrunarheimilinu Grund með gjafabréfi dagsettu 29. október 1987 í tilefni af 65 ára afmæli þess. Stofnframlagið er til minningar um verkfræðingana Knud Ziemsen, borgarstjóra og Jón Þorláksson, borgarstjóra.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er tvö hundruð og fimmtíu þúsund krónur.

3. gr.

Stofnfé og tekjur sjóðsins eru:

1. Framangreint fjárframlag, sbr. 2. gr.
2. Minningargjafir er síðar kunna að berast sjóðnum.
3. Vaxtatekjur og aðrar tekjur af eigum sjóðsins.

4. gr.

Tilgangur sjóðsins er að verðlauna verkfræðinga fyrir áhugaverð og vel unnin rannsóknarstörf er stuðlað hafa að framgangi verkfræðirannsókna við Háskóla Íslands.

5. gr.

Allar ákvarðanir varðandi ráðstöfun tekna tekur stjórn sjóðsins, sem skipuð er þremur mönnum. Stjórn Verkfræðistofnunar Háskóla Íslands kýs tvo, en þriðji maður skal vera